



HRUNAMANNAHREPPUR

7. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026 13. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. OKTÓBER 2022

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2022, þann 6. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram. Oddviti bar upp tillögu um að við bættist liður 14, fallið frá forkaupsrétti. Aðrir töluliðir breytast til samræmis.

Í upphafi fundar bað Jón fundarmenn um að minnast Kristins Þórs Styrmissonar, formanns Umhverfisnefndar og varasveitarstjórnarfulltrúa með mínútu þögn en Kristinn féll frá í síðustu viku. Sveitarstjórn sendir foreldrum, systkinum og öðrum ættingjum og vinum innilegar samúðarkveðjur.

Dagskrá:

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

1. Fundargerð 246. fundar skipulagsnefndar frá 27. september sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. september sl.

Oddviti kynnti fundargerð 246. fundar skipulagsnefndar frá 27. september sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. september sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 19. Hólakot: Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Ísborg verslanir ehf. ásamt skipulagslýsingu er varðar breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Í breytingunni felst að landnotkun skika úr landi Hólakots verði breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða mælist nefndin til þess að RML meti landið nánar m.t.t. flokkunar landbúnaðarlands. Nefndin bendir á að starfsemi sem tekur til útleigu frístundahúsa geti hugsanlega talist til landnotkunar verslunar- og þjónustustarfsemis fremur en frístundasvæðis.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 20. Jata: Umsókn um byggingarheimild; aðstöðu- og gistihús.

Lögð er fram uppfærð beiðni frá reglu Jötusystkina er varðar uppbyggingu á jörð Jötu L166988. Skipulagsnefnd afgreiddi málið á fundi sínum þann 22.6.2022 þar sem mælt var til þess að umsókn um byggingarheimild yrði synjað og farið væri fram á gerð deiliskipulags. Í uppfærði umsókn er gert ráð fyrir að umsókn taki til frístundahúss en ekki aðstöðu- og gistihúss. Auk þess er gert grein fyrir áætlunum

um niðurrif og fækkun húsa á svæðinu og minnkuðu umfangi bygginga og annarra innviða á svæðinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki verði gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávík sé að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki verði gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávík sé að ræða að hagsmunir nágretta skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 23. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. september sl.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. september sl.

2. **NOS: Fundargerð stjórnar frá 21. september sl.. Vakin er athygli á tillögu um slit byggðasamlagsins í lið 1.**

Afgreiða þarf sérstaklega lið nr. 1, framtíð byggðasamlagsins, þ.e. tillögu stjórnar til sveitarstjórnar um að samþykkt verði að starfsemi byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs. verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið, auk tillögu um að ráðinn verði verkefnastjóri til að annast slitin.

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar NOS. Fundur haldinn 21.09.2022. Í fundargerðinni leggur stjórn NOS til við bæjar- og sveitarstjórnir aðildarfélaganna að á næsta fundi þeirra verði samþykkt að starfsemi byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs. (SVÁ) verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið. Einnig er óskað eftir samþykki bæjar- og sveitarstjórna fyrir því að ráðinn verði verkefnastjóri til að annast slitin og kostnaður greiðist af SVÁ í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður byggðasamlagsins.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun:

Á síðustu misserum hefur verið unnið að því að skoða framtíð byggðasamlagsins og var í tilefni af því m.a. gerð úttekt á starfseminni og lágu niðurstöður fyrir í lok síðasta árs.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir tillögu stjórnar NOS um að starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að ráðinn verði verkefnastjóri til að annast slitin og að kostnaður vegna þessa greiðist í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður byggðasamlagsins.

Í ljósi framangreinds samþykkir sveitarstjórn Hrunamannahrepps að skoða samstarf sveitarfélaganna Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps á sviði skóla- og velferðarþjónustu. Löng hefð er fyrir samstarfi þessara sveitarfélaga í þessum málaflokkum. Er oddvita og sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Oddvitanefnd uppsveita Árneshvíls: Fundargerð 1. fundar frá 16. ágúst sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Oddvitanefndar uppsveita Árneshvíls. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

4. **Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 3. október 2022.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál.

Lagt fram til kynningar.

5. **Bréf frá Samtökum orkusveitarfélaga frá 27. september 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Samtökum orkusveitarfélaga um mögulegar áherslur aðildarsveitarfélaga SO gagnvart vinnu starfshóps sem umhverfis-, orku- og loftlagsmálaráðherra hefur skipað til að móta tillögur um fyrirkomulag vindorkunýtingar.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra falið að senda svör við spurningum félagsins í samráði við sveitarstjórn.

6. **Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 3. október 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þar sem óskað er eftir að fá upplýsingar um hvernig söfnun og meðhöndlun á óvirkum úrgangi er háttáð hjá sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu í samvinnu við starfsmenn á þessu sviði hjá sveitarfélaginu.

7. **Bréf frá UNICEF á Íslandi frá 28. september 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá UNICEF á Íslandi þar sem Hrunamannahreppur er hvattur til að fjölga tækifærum barna til áhrifa innan sveitarfélagsins með stofnun ungmennaráðs, ef það hefur ekki þegar verið gert, eða með því að efla starf ungmennaráðs í samræmi við ráð ungmenna til ráðamanna.

Sveitarstjórn telur rétt að geta þess að ungmennaráð hefur verið og er starfandi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með að ungmenni úr Ungmennaráði Hrunamannahrepps hafi tekið virkan þátt í starfi UNICEF og þar með tekið þátt í að móta þau tólf ráð til ráðamanna sem kynnt eru í bréfinu. Sveitarstjórn mun hafa þessi ráð til hliðsjónar við störf sín.

8. **Bréf frá stjórn Skógræktarfélags Íslands frá 22. september 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá stjórn Skógræktarfélags Íslands vegna ályktunar sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið. Þar er skorað er á sveitarstjórnir landsins að vinna að skipulagsáætlunum í takt við stefnu stjórnvalda um skógrækt á landsvísu og eru sveitarfélög hvött til að koma sér upp skilvirkum verkferlum og forðast óþarfa tafir og kostnað við afgreiðslu framkvæmdaleyfa vegna skógræktar.

Lagt fram til kynningar.

9. **Bréf frá Félagi atvinnurekanda, Húseigendafélaginu og Landssambandi eldri borgara frá 21. september 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Félagi atvinnurekanda, Húseigendafélaginu og Landssambandi eldri borgara þar sem skorað er á ríki og sveitarfélög að grípa til aðgerða til að hindra að gífurlegar verðhækkningar á fasteignamarkaði leiði til mikilla hækkana fasteignagjalda á eignir fólks og fyrirtækja.

Sveitarstjórn mun gæta hofs við innheimtu gjalda. Tekjuforsendur vegna ársins 2023 verða ákveðnar við gerð fjárhagsáætlunar. Þar mun verða skoðað hvort ástæða sé til að breyta álagningarprósentum fasteignagjalda með tilliti til hækkana á fasteignamarkaði.

10. **Erindi frá Golfklúbbnum Flúðir frá 22. september 2022.**

Oddviti kynnti erindi frá Golfklúbbnum Flúðum (GF) þar sem GF fer formlega fram á að eignaskipti fari fram á landi sem er annars vegar í eigu golfklúbbsins og hins vegar á landi sem er í eigu Hrunamannahrepps. Einnig fer GF fram á að sveitarfélagið heimili breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við

Efra Sel, sem felst í breytingum á aðalskipulagi og/eða deiliskipulagi í þá veru að lóð undir gistinga- og veitingarými verði stækkuð til norðurs/vesturs að ca. 30 m sunnan við núverandi teiga og ca. 50 m sunnan við núverandi flöt. Í bréfinu er sveitarfélaginu einnig kynnt að GF hafi í huga í framtíðinni að óska eftir að byggja vélageymslu, golfbílageymslu og þjónustu fyrir starfsmenn. Þá er kynning á mögulegum samstarfsverkefnum golfklúbbsins og Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn gerir sér grein fyrir mikilvægi golfvallarins sem aðdráttarafli í sveitarfélaginu og samþykkir að liðka fyrir uppbyggingu hans með því að skipta á því landi sem óskað er eftir í erindinu þannig að golfklúbburinn geti þróað völlinn í þá átt sem óskað er eftir. Samkvæmt erindinu gæti klúbburinn skilað núverandi landi sínu til Hrunamannahrepps árið 2025 en þá yrðu nýjar brautir tilbúnar. Sveitarstjórn tekur jákvætt í hugmyndir um fyrirhugaða breytingu á aðal- og deiliskipulagi og þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á svæðinu. Sveitarstjóra er falið að vinna að þessu málum og um möguleg samstarfsverkefni GF og Hrunamannahrepps.

11. Erindi frá Hróðnýju Jónsdóttur frá 21. september 2022.

Oddviti kynnti erindi frá Hróðnýju Jónsdóttur þar sem hún í samvinnu við Kvenfélag Hrunamanna mun standa fyrir konukvöldi til styrktar Gleym mér ei styrktarfélagi. Óskar hún eftir að Hrunamannahreppur leggi verkefninu lið og gefi leiguna af félagsheimilinu þetta kvöld.

Sveitarstjórn fagnar framtaki Hróðnýjar og samþykkir að styrkja þetta góða málefni og gefa afnot af félagsheimilinu þetta kvöld.

12. Tillögur að breytingum á samþykktum sem lagðar verða fyrir aukafund stofnenda Arnardrangs hses. hinn 7. október 2022.

Oddviti kynnti tillögur að breytingum á samþykktum sem lagðar verða fyrir aukafund stofnenda Arnardrangs hses. hinn 7. október 2022.

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem þarna eru lagðar til og felur sveitarstjóra að fara með umboð sitt á aukafundi stofnenda Arnardrangs hses sem halda á þann 7. október 2022.

13. Minnisblað frá sveitarstjóra frá 3. október 2022 vegna lyfjaafgreiðslu í Laugarási.

Oddviti kynnti minnisblað frá sveitarstjóra vegna lyfjaafgreiðslu í Laugarási.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Fyrir liggur að Lyfja ehf hefur áform um að breyta fyrirkomulagi lyfjaafgreiðslu í Laugarási og leitar nú eftir samningi við HSU um að lyfjaafgreiðsla færist inn á heilsugæsluna og í hendur starfsfólks þar. Með þessu breytta fyrirkomulagi er hætt við að þjónusta við notendur heilsugæslunnar verði skert, t.d. hvað það varðar að fá lyfseðilsskyld lyf afgreidd í beinu framhaldi af læknisheimsókn.

Sveitarstjórnir Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps lýsa yfir áhyggjum vegna umræddrar þjónustuskerðingar og hvetja til þess að lyfjaafgreiðsla verði með óbreyttu sniði í Laugarási. Um mikilvæga þjónustu er að ræða fyrir íbúa alls svæðisins, sem sækja þjónustu heilsugæslu í Laugarási.

14. Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti.

Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti að Ásabyggð 22.

Sveitarstjórn samþykkir að fallið sé frá forkaupsrétti að Ásabyggð 22, fastanúmer 220-4128.

15. Tillaga að reglum Hrunamannahrepps um heimgreiðslur.

Oddviti kynnti tillögu að reglum Hrunamannahrepps um sérstakar heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla frá 12 mánaða aldri og þar til barn hefur nám í leikskóla.

Tillagan borin upp og samþykkt með fjórum atkvæðum og eftirfarandi bókun: Meirihluti sveitarstjórn samþykkir að greiddar verði sérstakar heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla frá 12 mánaða aldri og þar til barn hefur nám í leikskóla. Skilyrði fyrir greiðslum er að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi. Heimgreiðslur eru greiddar frá þeim degi sem barn nær 12 mánaða aldri og þær falla niður þann dag sem barn hefur leikskólagöngu. Sveitarstjórn samþykkir að greiðslan, sem er undanþegin skatti, verði 110.000 kr. á mánuði og greiðist í 11 mánuði á ári. Er þessi upphæð í fullu samræmi við það sem best gerist hjá þeim sveitarfélögum sem tekið hafa upp sambærilegar reglur.

Með þessu móti er komið til móts við foreldra sem ekki fá pláss fyrir barn sitt á leikskóla í samræmi við markmið sveitarfélagsins þar um. Sveitarstjórn samþykkir framlagðar reglur og taka þær þegar gildi. Jafnframt samþykkir meirihluti sveitarstjórnar að reglurnar verði kynntar fyrir skólanefnd.

Daði situr hjá með eftirfarandi bókun:

Ég sé mér ekki fært að samþykkja reglurnar án þess að þær fái fyrst umfjöllun í skólanefnd.

16. Minnisblað frá fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar þann 14. september s.l..

Oddviti kynnti minnisblað frá fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar þar sem farið var yfir þær áskoranir sem framundan eru í viðhaldi og þjónustu á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn þakkar gagnlegan fund og vonar að ábendingar og óskir varðandi til dæmis vetrarþjónustu stofnvega, viðhald héraðsvega, reiðvegi í sveitarfélaginu og ýmis öryggismál nái fram að ganga.

Sveitarstjóra falið að koma ábendingunum til forsvarsmanna Vegagerðarinnar.

17. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022.

Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun 2022 sem voru áður á dagskrá 6. fundar sveitarstjórnar.

Veigamestu þættir viðaukans sem áhrif hafa á fjárhagsáætlun ársins 2022 eru að tekjur sveitarfélagsins eru að aukast en einnig eru gjöld vegna reksturs ýmissa stofnana sveitarfélagsins að fara nokkuð umfram áætlun. Má þar helst nefna að kostnaður við biðlaunagreiðslur fráfarandi sveitarstjóra nam 16,1 m.kr með launatengdum gjöldum. Kostnaður við rekstur málaflokks þjónustu við fatlað fólk er öllum sveitarfélögum landsins kostnaðarsamur málaflokkur og ljóst að tekjur sem sveitarfélög fá vegna þessa ná engan veginn að fjármagna þá þjónustu sem sveitarfélög lögum samkvæmt eiga að veita. Því reynist nauðsynlegt að bæta við 10 m.kr. vegna aukins kostnaðar við rekstur Bergrisans, byggðasamlags sveitarfélaga á Suðurlandi. Aukinn kostnaður fellur til vegna íþróttamannvirkja 8,2 m.kr. en aðrar breytingar eru smærri.

Nauðsynlegt er að hækka framlag til fjárfestinga um 11,5 m.kr. og felst sú breyting í framlagi til kennslueldhúss og umhverfis félagsheimilis en sú framkvæmd ein og sér fór 20 m. kr. fram úr áætlun. Til frádráttar þessu koma gatnagerðargjöld sem eru meiri en gert var ráð fyrir. Heildaráhrif þessara breytinga allra nema 28,4 m.kr.. Mikilvægt er að í framtíðinni verði betur haldið utan um fjárútlát vegna viðhalds og fjárfestinga og viðaukar samþykktir örar sé það nauðsyn.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna að viðauka og samþykkir jafnframt að taka nýtt langtímalán að upphæð 28 m.kr til að mæta þessum aukna kostnaði.

18. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 20. október n.k. kl. 14:00.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Bergrisinn bs.: Fundargerð auka aðalfundar frá 30. júní sl.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Bergrisinn bs.: Fundargerð 42. stjórnarfundar frá 23. ágúst sl.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Bergrisinn bs.: Fundargerð 43. stjórnarfundar frá 6. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Bergrisinn bs.: Fundargerð 44. stjórnarfundar frá 14. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 1. fundar framkvæmdastjórnar frá 12.8 sl.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 2. fundar framkvæmdastjórnar frá 29.8 sl.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Almannaþingarnefnd Árnassýslu: Fundargerð 1. fundar frá 16. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 2. fundar stjórnar frá 13. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 3. fundar stjórnar frá 19. september sl.**

Sveitarstjórn telur mikilvægt að þau áform um uppbyggingu nýs húss fyrir brunavarnir á Flúðum í samvinnu við aðra viðbragðsaðila verði einnig rædd á fundum Brunavarna. Með þeirri miklu uppbyggingu sem framundan er í Uppsveitunum er nauðsynlegt að huga að öryggismálum og þar er björgunarmiðstöð á Flúðum þar sem Brunavarnir Árnassýslu hefðu aðsetur nærtækt og brýnt verkefni.
- j. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 2. fundar stjórnar frá 13. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 20. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnarfundar frá 7. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnarfundar frá 3. október sl.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 203. fundar stjórnar frá 27. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- o. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 221. fundar frá 23. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- p. Svæðisskipulag Suðrhálendis: Fundargerð 19. fundar frá 31. ágúst sl.**
Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

q. Lykiltölur Þjóðskrár fyrir Hrunamannahrepp.

Í skýrslu októbermánaðar sem hér er lögð fram til kynningar kemur fram að íbúum hefur fjölgað í Hrunamannahreppi um 43 frá 1. desember 2021 og eru þeir nú 871 talsins. Erlendir ríkisborgarar eru 28,4 % af heildaríbúatölu hreppsins. Í Hrunamannahreppi eru nú 276 íbúðir í sérbýli, 39 íbúðir í fjölbýlishúsum og 384 sumarhús.

Meðalaldur kaupenda húsnæðis í Hrunamannahrepp fer lækkandi og er nú 41,0 ár.

r. Veiðifélag Árneseinga: Fundargerð aðalfundar frá 27. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.58